

Alþingi
Erindi nr. P 138/532
komudagur 9.12.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Reykjavík 8. desember 2009.

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.).

Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra vill gera athugasemdir við tvær breytingar þ.e. á lögum nr. 87/2004 og nr. 29/1993. Breytingar þær sem eiga að koma til framkvæmda eru beinar hækkanir á rekstri leigubifreiða sem hafa þó verið nógar undanfarið. Því miður hefur það verið svo undanfarið að allar þær hækkanir sem dunið hafa yfir stéttina t.d. eldsneytishækkanir, bifreiðatryggingar, verð á nýjum bifreiðum o.fl. hafa leigubifreiðastjórar tekið stóran hluta á sig sjálfir þ.e.a.s. í beinni launalækkun. Við þessar breytingar ef af verður þá sjáum við ekki neitt annað í stöðunni en að gjald fyrir akstur með leigubifreið hækki sem er miður fyrir viðskiptavinum okkar. Vegna þessa er það ósk okkar að einhverjar aðrar leiðir verði farnar heldur en að leggja enn eina hækkunina á stétt leigubifreiðastjóra sem er að okkar mati nóg fyrir.

F.h. Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra

Ástgeir Þorsteinsson formaður.